




ÍBÚAÞING



Í VALHÚSASKÓLA Á SELTJARNARNESI 7. FEBRÚAR 2013



Seltjarnarnes – Vistvænt og samhent samfélag

Seltjarnarnesbær leggur metnað sinn í að standa vörð um umhverfi og samfélag, og fylgja áherslum sjálfbærrar þróunar. Mikið hefur áunnist í umhverfismálum í sveitarfélaginu, en nú er tími til að skoða hvar má gera enn betur og hvernig má hnýta áherslur og verkefni saman í eina heildarmynd.

Liður í þeirri vinnu er að umhverfisnefnd efni til samráðs og hugmyndasmiðju með íbúum. Þar verður óskað eftir hugmyndum að nýjum verkefnum til að bæta umhverfi og samfélag á Seltjarnarnesi, og samráði um hver forgangsverkefni til næstu ára eiga að vera.

Gögnin af þinginu verða nýtt til að móta heildræna stefnu og áætlun um mótun umhverfis

Margrét Pálsdóttir, formaður umhverfisnefndar Seltjarnarness.

og samfélags á Seltjarnarnesi. Auk gagna sem til verða á þinginu mun vinnuhópurinn einnig horfa til hugmynda og ábendinga sem skila sér í „hugmyndakassa“ á vefsíðu Seltjarnarnessbæjar, www.seltjarnarnes.is

Íbúapingið hefst stundvíslega klukkan 17.30 og stendur til 19.45.


Boðið verður upp á léttar veitingar og barnagæslu meðan á þinginu stendur.

Við hvetjum íbúa til að fjölmenna með góðar og uppbyggilegar hugmyndir sem gera Seltjarnarnes að enn betri stað til að búa á.


Dagskrá

1. Formaður umhverfisnefndar setur þingið
2. Ráðgjafar Alta kynna þema og fundarfyrirkomulag
3. Fundargestir vinna í hópum
4. Matarhlé
5. Hugmyndir og niðurstöður kynntar
6. Ráðgjafar Alta ræða næstu skref
7. Formaður slítur fundi

Boðið verður upp á barnagæslu á meðan á þinginu stendur



Ert þú með hugmynd að bættu umhverfi og samfélagi á Seltjarnarnesi?



- Rafmagn er einn stórvirkasti brennuborgur nútímans. Á hverju ári verða margir eldsvoðar sem eiga upptök sín í rafbúnaði. Stundum kviknar í vegna bilunar en oftast er um að ræða að gáleysi í umgengni við rafmagn valdi slysum eða íkveikju.

Jóla ljós utandyra eiga að vera sérstaklega gerð til slíkrar notkunar. Á öllum jóla ljósum eða umbúðum þeirra, sem seld eru hér á landi sem inniljós, á að standa á Íslensku að þau séu eingöngu til notkunar innanhúss. Að nota inniljós utandyra getur verið lífshættulegt. Útljósakeðjur eiga að vera vatnsvarðar. Brýnt er að þerur útljósá vísi ávallt niður svo að ekki sé hætt á að vatn safnist í þerustæðin. Einnig er mikilvægt að festa útljós vandlega þannig að þerur geti ekki slegist við og brotnað.

- Nýr og endurbættur vefur vistvænna innkaupa www.vinn.is hefur verið opnaður en á honum má finna upplýsingar og hagnýt ráð um það hvernig standa má að vistvænum innkaupum á sem hagkvæmastan hátt. Á vefsvæðinu er meðal annars að finna upplýsingar fyrir útboðsaðila, kaupendur og seljendur ásamt ýmsum fróðleik. Gefnar eru leiðbeiningar um hvernig best er að standa að vistvænum innkaupum.

- Árlegur hreinsunardagur bæjarins er haldinn í maí á ári hverju og er skammtilegt samstarfsverkefni. Mörg félagasamtök á Seltjarnarnesi taka þátt í átakinu með umhverfisnefnd. Þá er Nesinu skipt niður og allir hjálpast að við að hreinsa svæði og hirða rusl. Áhaldahús bæjarins flokkar síðan ruslið og skilar á Endurvinnslustöð Sorpu.

- Náttúrugripasafn Seltjarnarness var stofnað fyrir 30 árum, 18. maí 1982. Í safninu eru einstæðir gripir sem áhugavert er að skoða.

- Umhverfisnefnd býður árlega upp á fuglaskoðunarferð undir leiðsögn um Bakkatjörn og vestursvæðin. Einnig stendur nefndin fyrir fuglatalningu á Kríu.

- Áætlað er að Íslendingar noti allt að 30 milljón plastburðarpoka á ári. Þessi mikla notkun plastpoka veldur miklum umhverfisáhrifum þar sem talsvert af plasti er hvorki endurunnið né fargað heldur berst til sjávar með regni, frárennsli og ám eða fýkur til hafs. Plastið hefur mikil áhrif á lífríki því árlega drepst mikill fjöldi sjófugla og sjávarspendýra eftir að hafa étit plast auk þess sem dýr geta flækst í plastinu og jafnvel kafnað. Þá geta ýmis mengandi efni loðað við plastagnirnar, s.s. þrávirk lífræn efni.




Einstakur árangur hjá Leikskóla Seltjarnarness

Leikskóli Seltjarnarness hlaut á dögunum þá fátíðni viðurkenningu að fá Grænánann í fimmta sinn, en fáninn er viðurkenning fyrir störf og stefnumótun í þágu umhverfis- og náttúruverndar. Umhverfismennt er ein af megináherslum leikskólastarfsins en auk þess að fræðast um náttúruna taka börnin virkan þátt í umhverfisvernd með mótgerð, endurnýtingu pappírs og flokkun sorps, svo einhver dæmi séu nefnd. Þá fara þau vikulega í vettvangs- og upplifunarferðir og stunda blómlega matjurtarækt. Leikskólakennararnir taka virkan þátt í starfinu innan og utan vinnustaðar, en að þeirra sögn hefur Seltjarnarnes margt upp á að bjóða sem gerir námið skammtilegt og fjölbreytilegt og stuðlar að góðri umhverfisvitund meðal nemendanna.



Vistvænt og sam

Tíu vegvísar



Innleiðing á endurvinnslutunnu við hvert heimili

Næsta vor stendur til að koma upp endurvinnslutunnu við hvert heimili á Seltjarnarnesi. Verkefninu stýrir tæknideild bæjarins í samstarfi við Gámapjónustuna, en kynningarbakkingi um flokkun sorps verður dreift á heimili bæjarbúa þegar nær dregur innleiðingunni. Tilgangurinn með verkefninu er að auðvelda flokkun á sorpi og skapa um leið umhverfisvænna samfélag í takt við stefnu sveitarfélagsins í umhverfismálum. Markmiðið er að fá alla íbúa bæjarfélagsins til að auka flokkun á úrgangi og draga um leið úr magni urðaðs úrgangs. Með þessu móti verður Seltjarnarnesbær á sama róli og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem eru smám saman að innleiða endurvinnslutunnur fyrir pappírsúrgang.




Búðatjörn

Seltjarnarnes er þekkt fyrir fjölskrúðugt fuglalíf sem auðgar líf bæjarbúa og gerir útivist ungmenna mun innihaldsríkari en ella. Myndin er tekin við Bakkatjörn, eina af þremur tjörnum Seltjarnarness, en hinar tvær eru Búðatjörn og Tjörn í Dal. Búðatjörn stendur á utanverðu Nesinu og hefur nokkra sérstöðu á landsvísi, en þar má á fremur litlu svæði finna útivistarsvæði, fuglafriðland og íþróttasvæði. Nýlega gekkst umhverfisnefnd Seltjarnarness fyrir frumrannsókn á vistkerfi Búðatjarnar í samstarfi við Náttúrufræðistofu Kópavogs þar sem ýmislegt fróð-

legt kom í ljós. Meðal niðurstaðna kom fram að tjarnarstæðið hefur lítið breyst í áranna rás þrátt fyrir breytta landnotkun. Vatnsborðssveifla Búðatjarnar getur orðið allt að 30 cm. en botn hennar er nokkuð fastur í sér við bakkana en þegar utar dregur tekur við mjög gljúpur leðjubotn. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að vatnshiti Búðatjarnar fylgir skýrri árstíðasveiflu, sýrustigið er fremur stöðugt, sveiflur í seltumagni eru mjög miklar og þar er að finna mikið magn blaðgrænu. Lífríki Búðatjarnar er fremur fábreytt í tegundum talið og botnfáan er heldur þunnskipuð, en einstaklingsfjöldi meðal einstakra flokkunar- eininga er býsna mikill. Flest þykir benda til þess að vægi tjarnarinnar fyrir fuglalíf á Seltjarnarnesi sé fremur lítið. Það sem kom rannsakendum hvað mest á óvart var að uppgötva nýja dýrategund í vistkerfi tjarnarinnar, dýrategund, sem ekki hefur verið vart hér á landi áður, en um er að ræða þyrildýr af ættkvíslinni Hexarthra.

hvent samfélag til framtíðar



Ylströnd

Seltjarnarnes skipar sér í sess fárra sveitarfélaga sem hafa yfir eigin hitaveitu að ráða. Það eru mikil forréttindi og auður sem felst í því fyrir bæjarfélagið. Vatnið er einstakt og hefur verið líkt við vatn í mörgum helstu heilsuþöðum í Evrópu eins og t.d. Baden-Baden. Verulegir möguleikar eru á nýtingu vatnsins á Seltjarnarnesi til heilsubaða, en óskir hafa komið fram meðal fjölmargra íbúa að stuðla að betri

nýtingu þess, rétt eins og gert var með hinu einstaka náttúruvistaverki Ólafar Nordal, þar sem hægt er að busla í volgu vatninu. Meðal þess sem nefnt hefur verið er að koma upp fleiri heitum pottum og hanna ylströnd á borð við Nauthólsvíkina með því að veita affallsvatni í fjöruna. Fjölmörg tækifæri felast í heita vatninu á Seltjarnarnesi, sem spennandi verður að horfa til í framtíðinni.

Fótboltavöllurinn

Frábær aðstaða hefur verið sköpuð fyrir knattspyrnuíðkendum Gróttu sem geta nú æft utan dyra allan ársins hring. Gervigrasvöllurinn var vígður árið 2006, en við hönnun hans var lögð áhersla á að nýta affallsvatn á Nesinu til að hita völlinn upp yfir vetrartímann. Með þessu móti geta æfingar og leikir farið fram hvernig sem viðrar, enda nýting vallarins með eindæmum góð eins og Seltirningar hafa orðið varir við.



Endurnýting jarðefnis á Seltjarnarnesi

Nú eru hafnar framkvæmdir við nýja blokk á Hrólfsskálamel. Þar er gert ráð fyrir að til falli um 17.000 rúmmetrar af mól og grús. Í stað þess að láta flytja umframefni frá byggingarstað með ænum tilkostnaði fyrir byggingaraðila hefur Seltjarnarnesbær ákveðið að þiggja nýtanlegan hluta efnis, sem byggingaraðili yrði að fjarlægja, og geyma hluta þess og nýta í framtíðarverkefni á næstu misserum á sviði sjóvarnargarða og aðkomuleiða í landi Seltjarnarness. Mikil verðmæti felast í jarðefninu, en það er nær eingöngu náttúrulegt og stendur saman af klöpp og sjávarkambi Hrólfsskálamela. Efnið verður geymt tímabundið í nágrenni athafnasvæðis við Bygggarða. Með þessari fyrirhyggjusemi sparar bærinn milljónir, sem annars færu í kostnað við öflun nýs jarðefnis fyrir framtíðarverkefni bæjarins.



Fjaran

Seltjarnarnesbær beitir sér á virkan og jákvæðan hátt fyrir velferð og heill íbúa sinna. Fugla lífið er bænum ekki síður dýrmætt, en í nýlegum framkvæmdum við Daltjörn (Tjörn í Dal) var það ekki síst umhyggjan fyrir andamömmu og ungunum hennar sem réði því að sjóvarnargarðurinn var rofinn á kafla svo þau ættu greiðari aðgengi niður í sjó. Framkvæmdin nýtist ekki einungis fiðurfénu því nú eiga gangandi vegfarendur mun auðveldara með að komast niður í fjöru þar sem áður var illfært, t.d. við golfvöllinn.



Hirðing jólatríjaa

Mikil ánægja ríkir meðal íbúa Seltjarnarness að bærinn sjái um að hirða jólatrén þeim að kostnaðarlausu. Það eru starfsmenn áhaldahússins sem hafa tekið þetta þakkláta verkefni að sér. Trén fara ekki út fyrir bæjarmörkin því í vor verða þau kurluð niður og mun garðyrkjustjóri bæjarins sjá um að dreifa kurlinu í beð bæjarins. Auk mikillar hagræðingar fyrir íbúa Seltjarnarness þá felur framkvæmdin í sér talsverðan sparnað fyrir bæinn, þar sem þarf hvorki að aka trjánum langa vegalengd í förgun né að kaupa efni í beðin. Framkvæmdin er liður í umhverfisstefnu bæjarins sem felur í sér að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi og að Seltjarnarnes verði í fremstu röð meðal vistvænna sveitarfélaga.



Áningarbekkir

Óbyggðu svæðin á Seltjarnarnesi njóta mikilla vinsælda meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins og hefur Seltjarnarnesbær kappkostað að gera þau sem aðgengilegust til að auka á upplifun og ánægju vegfarenda. Áningarbekkirnir, sem eru við fjölförnu gönguleiðirnar á Nesinu hafa mælst vel fyrir, en þar má hvíla lúin bein og njóta margbreytileika náttúrunnar, fuglalífsins, fjallasýnnar og sjávarins sem árstíðir og veðurfar setja mark sitt á hverju sinni. Á næstunni stendur til að fjölga bekkjum á Nesinu og þar með auka úrvalið á einstökum útsýnisstöðum til að fylgjast með og upplifa sjónarspil náttúrunnar.



Varða í Suðurnesi

Varða eða merki var fyrst reist hér um 1780 til að auðvelda siglingu um Valhnúkasund. Ágangur sjávar og illviðri hafa oftsinnis laskað vörðuna og hún þá verið endurgerð, síðast í atvinnubótavinnu 1930. Varðan eyðilagðist í stórvíðri að vetrarlagi 1996. Athafnamaðurinn Guðmundur Ásgeirsson, lengi forráðamaður skipafélagsins NESSKIP h.f., lét endurbyggja vörðuna árið 2011. Hafi hann kæra þökk fyrir lofsvert framtak og ræktarsemi við bæjarfélag sitt.

Ljósastarahús

Eitt hinna friðlystu svæða á Seltjarnarnesi eru Suðurnes, þar sem Ljósastarahúsið stendur en það er frá síðari heimsstyrjöldinni. Húsið hefur mikið látið á sjá en í sumar er fyrirhugað viðhald og endurbætur á því. Inni í húsinu má sjá að því hefur verið skipt í tvennt með steinsteyptum vegg. Hugmyndin er að koma þar upp aðstöðu fyrir fuglaskoðun sem ætti að vera kærkomið fyrir fuglaáhugafólk þar sem skráðar hafa verið á annað hundrad fuglategunda á Seltjarnarnesi.

Á 6. áratugnum notaði flugmálastjórn húsið til effirlits. Eftir það notaði flugmaðurinn kunnir, Agnar Kofoed Hansen og fv. lögreglustjóri, húsið sem áningarstað í heimsókn sinni út í Suðurnes. Oft var gestkvæmt hjá þeim hjónum enda fáir staðir jafnvel til þess fallnir að njóta víðáttunnar, náttúrunnar og kríunnar, sem fór þar um í friðum flokki.

95% Seltirninga ánægðir með bæjarfélagið

Úr þjónustukönnun Capacent Gallup í október til nóvember 2012


Samanburður við önnur sveitarfélög

Á Seltjarnarnesi eru 95% íbúa ánægðir með búsetuskilyrði bæjarfélagsins, samkvæmt árlegri þjónustukönnun sem Capacent gerir meðal sveitarfélaga. Bærinn fær einkunnina 4,5 af 5 mögulegum og er með aðra hæstu einkunn af öllum sveitarfélögum í landinu. Niðurstaðan undirstrikar jákvætt viðhorf bæjarbúa til samfélagsþjónustunnar og er okkur hvatning að halda áfram á sömu braut.


Þjónusta við barnafjölskyldur skorar hátt

Seltjarnarnesbær fær 4,2 af 5 mögulegum þegar spurt var um þjónustu við barnafjölskyldur. Bærinn er þar í fyrsta sæti af öllum sveitarfélögum landsins. Samkvæmt könnuninni eru um 91% bæjarbúa mjög ánægðir með aðstöðu til íþróttaiðkunar og er Seltjarnarnesbær þar í öðru sæti á landsvísi.

Menningarmál og umhverfismál fá góða um-sögn bæjarbúa. Í menningarmálum fær bærinn 4,0 af 5 mögulegum og er með hæstu einkunnina af sveitarfélögum í landinu. Umhverfismálin skora 4,3 af 5 mögulegum og er bærinn með aðra hæstu einkunnina af sveitarfélögum í landinu. Í þjónustu við fatlaða þykir aðeins eitt sveitarfélag á landinu standa framar Seltjarnarnesi.




Spurning: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu Seltjarnarness við barnafjölskyldur?




Spurning: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu við eldri borgara á Seltjarnarnesi?

Seltjarnarnes skorar hæst á landsvísi í þjónustu við aldraða. Bærinn hefur kappkostað að skipuleggja nærþjónustu við aldraða í samráði við eldri borgara. Markmiðið er að aldraðir eigi þess kost að búa sem lengst á eigin heimili og er það í samræmi við yfirlýsta stefnu félagasamtaka eldri borgara.



Spurning: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu grunnskóla Seltjarnarness?



Spurning: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með hvernig Seltjarnarnes sinnir menningarmálum?



SELTJARNARNESBÆR